

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðurishafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. janúar 2001.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## GJALDSKRÁ

### Hollustuverndar ríkisins vegna sérstakrar þjónustu á sviði matvælaeftirlits.

1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir 5.000 kr./klst. vegna sérstakrar þjónustu á sviði matvælaeftirlits. Tímar skulu taldir í heilum klukkustundum.

2. gr.

*Gjald fyrir sérstaka þjónustu á sviði matvælaeftirlits.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld til að standa undir kostnaði við eftirfarandi þjónustu, sem hér segir:

- a. Vinnsla umsóknar, umfjöllun og veiting leyfis fyrir aukefni og bætiefni í matvæli, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 579/1993 með síðari breytingum. Innheimta skal tímagjald skv. 1.

- gr. sem nemur að lágmarki 15 klst. vinnu, vegna hvers efnis sem sótt er um, enda fylgi fullnægjandi gögn umsókninni. Reikningur fyrir lágmarksgjaldi skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram og reikningur fyrir viðbótargjaldi þegar umsókn er afgreidd.
- b. Vinnsla umsóknar um efni sem notað er til þrifa og hreingerninga og inniheldur eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 með síðari breytingu. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. fyrir 4 klst. vinnu vegna hvers efnis sem sótt er um, enda fylgi fullnægjandi gögn umsókninni. Reikningur skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram.
- c. Vinnsla umsóknar um leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttrar lífveru skv. 6. gr. reglugerðar nr. 330/1997 með síðari breytingum. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. sem nemur að lágmarki 5 klst. vinnu. Reikningur skal gefinn út þegar skriflegt svar liggur fyrir.

3. gr.

*Ferðakostnaður.*

Stofnuninni er heimilt að innheimta ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

*Innheimta.*

Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd á eindaga. Um innheimtu fer að öðru leyti skv. 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 698/1996 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins með síðari breytingum og gjaldskrá nr. 130/1989 vegna kostnaðar við umfjöllun um aukefni í matvælum á vegum Hollustuverndar ríkisins.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. janúar 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*